

## Veikindi og leyfi nemenda

Foreldrar tilkynni veikindi og leyfi nemenda á skrifstofu skólans í síma 460-1773. Ef misbrestur verður þá á er litið svo á að um óheimila fjarvist sé um að ræða. Standi veikindi yfir í nokkra daga ber að tilkynna þá fyrir hvern dag. Umsjónarkennari getur veitt leyfi í tvo daga. Ef um lengra leyfi er að ræða þarf að sækja sérstaklega um það hjá skólastjórnendum og fylla út eyðublað þar að lútandi og koma með á skrifstofu skólastjórnenda.

Í lögum um grunnskóla segir svo: *“Sæki forráðamaður skólaskylds barns um tímabundna undanþágu frá skólasókn er skólastjóra/aðstoðarskólastjóra heimilt að veita slíka undanþágu í samráði við umsjónarkennara barnsins telji hann til þess gildar ástæður. Forráðamaður skal þá sjá til þess að nemandinn vinni upp það sem hann kann að missa úr námi meðan á undanþágu stendur.”*

**Hér má nálgast eyðublaðið.**

